

Launakjör sveitarstjórnar, byggðarráðs, nefnda og vinnuhópa hjá Borgarbyggð

Laun sveitarstjórnar, byggðarráðs, nefnda og vinnuhópa hjá Borgarbyggð eru reiknuð út frá 80% af þingfararkaupi alþingismanna. Þingfararkaup alþingismanna eru kr. 1.101.194 frá 30.10.2016 og 80% af þeirri fjárhæð eru kr. 880.955. Hér að neðan eru upplýsingar um hve hátt hlutfall af þeirri upphæð er greitt fyrir hvert starf.

Forseti sveitarstjórnar 23,0% á mánuði Sveitarstjórnarmenn 14,0% á mánuði Varamenn í sveitarstjórn 3,5% á fund Formaður byggðarráðs 23,0% á mánuði Byggðarráðsmenn 19,5% á mánuði Áheyrnarfulltr í byggðarráði 14,0% á mánuði Varamenn í byggðarráði 3,5% á fund Formaður nefndar 3,5% á fund Aðrir nefndarmenn 1,75% á fund Formaður vinnuhóps 1,5% á fund Aðrir fulltrúar í vinnuhóp 1,0% á fund

Fulltrúar í byggðarráði fá greiddar kr. 5.000 á mánuði fyrir notkun á eigin síma. Aðrir fulltrúar í sveitarstjórn fá greiddar kr 3.500 á mánuði fyrir notkun á eigin síma.

„Akstur kjörinna fulltrúa vegna sveitarstjórnarfunda, byggðarráðsfunda, funda í nefndum á vegum Borgarbyggðar og annarra funda sem boðað er til af sveitarstjóra Borgarbyggðar er greiddur skv framlögðum akstursdagbókum. Akstur vegna undirbúnings sveitarstjórnarfunda og byggðarráðsfunda er greiddur að hálfu samkvæmt akstursdagbók.“